[redacted]

Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu

Ragnar Edvardsson



Fornleifastofnun Íslands
FS107-9921
Reykjavík 2000

©Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Rvk
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....bls. 4
2. Um fornleifaskráningu.....bls. 4
3. Byggðarsaga.....bls. 8
4. Skrá yfir fornleifar á skráningarsvæðinu.....bls. 15
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu.....bls. 29
6. Heimildarskrá.....bls. 31
7. Kortaskrá.....bls.31

1. Inngangur

Hér birtist skýrsla yfir deiliskráningu vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu. Vegastæðið nær frá botni Ísafjarðar og að Skálavík í Mjóafirði. Árið 1845 voru 7 jarðir í byggð á því svæði sem vegurinn á að liggja um, Skálavík, Vatnsfjörður, Reykjarfjörður, Svansvík, Vogar, Bjarnastaðir og Eyri. Í dag er enginn búskapur á Vogum, Bjarnastöðum og Eyri.

Unnin var svæðiðskráning (heimildakönnun) fyrir þessar jarðir. Að ósk Kristjáns Kristjánssonar hjá vegagerðinni á Ísafirði voru eingöngu þær minjar sem voru í næsta nágrenni við vegastæðið skráðar við vettvangsathugun. Miðað var við þær minjar sem voru í 20 – 30 m radíus frá vegstæðinu.


Hér er að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar. Þetta er gert í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar við minjavernd og aðrar framkvæmdir, s.s. skipulag. Síðan er fjallað í stuttu máli um byggðarsögu þeirra bæja sem eru á skráningarsvæðinu. Þá kemur skrá yfir þær fornleifar sem voru skráðar við svæðisskráningu og vettvangskönnun. Loks er umfjöllun um þær rústir sem eru í hættu vegna vegstæðisins.

2. Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning hófst á Íslandi í byrjun 19. aldar en það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1980 að skipuleg fornleifaskráning hófst í landinu. Í fyrstu voru eingöngu skráðar minjar sem taldar voru hafa sögulegt gildi eða tengdust fornsögunum. Skoðun manna á því hvað eru fornminjar hafa breyst mikið á síðustu árum og áratugum og nú er svo komið að byggingar sem áður voru ekki taldar hafa neitt menningarlegt gildi eru nú taldar

minjar um horfna lífshætti.

Skilningur manna á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjastaði og vernda þá fyrir komandi kynslóðir hefur stóraukist á undanförnum árum. Til að fá heildarmynd af gerð og ástandi fornminja í landinu verður skipulögð fornleifaskráning að koma til. Á síðustu árum hefur Fornleifastofnun Íslands unnið með og þróað aðferðir við



Kort 1. Jarðir á Skráningarsvæðinu

fornleifaskráningu. Stofnunin hefur nú undir höndum stærsta gagnagrunn um menningarminjar á Íslandi. Fornleifaskráningin hefur fyrst og fremst verið unnin fyrir og í samvinnu við sveitafélög og stofnanir þeirra.

Fornleifaskráningu er skipt í þrjú stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í söfnun heimilda

um fornleifar á tilteknu svæði og öflun annara gagna sem geta gefið vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t. d. heilu sveitarfélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og er þeirri skráningu ætlað að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Í 18. grein þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé "að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess..." Helstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum við ýmiskonar framkvæmdir. Í 21. grein þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stoðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en að kemur að jarðraski og spara þar með verulegar fjárhæðir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilningur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hverskonar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hver kyns,

svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún, akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða krisnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Á þessu sést að fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir, og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa haldið til.

Þó miðað sé við mannvirkjaleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskiplön, áveituskurðir og einnig minjar sem tengjast seinni

heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess.

3. Byggðarsaga

Landslag í Ísafjarðardjúpi einkennist af djúpum fjörðum og snarbröttum fjöllum. Í Ísafirði og Mjóafirði er lítið sem ekkert undirlendi milli fjalls og fjöru. Bæirnir byggðust á eyrum þar sem eitthvert túnstæði var að fá.



Mynd 1. Rúst af útihúsi á Bjarnarstöðum.

Elstu heimildir um jarðirnar í Ísafirði og Mjóafirði eru frá öndverðri 13. öld[1]. Jarðirnar koma einnig fyrir í öðrum fornritum og er engin ástæða til annars en ætla að byggð hafi hafist á svæðinu á 10. öld.

Árið 1273 dæmir erkibiskup jörðina Vatnsfjörð undir Skálholtsbiskup. "Erkibyskup dæmir Vatnsfjarðarstað undir Skálholtsbyskup, Einar Þorvaldsson hafði sagt - ad Þordur fodurfader hans liet giora kirkiu j Vatzfirde og liet vigia med þeim skilmala ad hann og hans rietter erfingiar hver epter annann skylldu eiga forræde fyrer og vardveitslu;"[2] Jörðin kemur víða fyrir í heimildum frá 14. öld en á 15. öld eignast Björn Þorleifsson hinn ríki jörðina. "[Sólveig Þorsteinsdóttir gefur Birni Þorleifssyni dóttursyni sínum hálfa jörðin í Vatnsfirði]. skyllde fyr greindur Biorn suara ollum kirkiunnar Reiknigskap fra

[1] DI XII 14

Þvi er Hustru Solveig vard eigandi ad Jorduni uppa sijna peninga [Kristín Björnsdóttir móðir Björns og erfingi Sólveigar samÞykkti gjöfina en áskildi sér jörðina ef Björn dæi barnlaus á undann henni. Má hann og ekki láta jörðina] nema hann villdi gefa hana Gude og Sancroi Olafi;"

Jarðirnar Bjarnastaðir og Svansvík koma fyrir í heimildum frá 15. öld[3] og Vogar kemur bæði fyrir í heimildum frá 14. og 15. öld.[4]

Á 17. öld á Vatnsfjörður margar jarðir á Vestfjörðum og meðal þeirra eru jarðirnar í Ísafirði og Mjóafirði: Gjörvidalur,Skálavík, Borgarey, Miðhús, Hálshús, Þúfur, Svansvík, Vogar og Eyri í Mjóafirði. Á Hornströndum eru það jarðirnar Hælavík og Slétta í mynni Hesteyrarfjarðar. Í Strandasýslu er það Drangar í Drangavík og í Hestfirði er það jörðin Hestur. Jarðirnar Eyri og Bjarnarnes tilheyrðu ekki Vatnsfirð.[5] Búið er á öllum jörðunum fram á þessa öld en í dag er eingöngu búið á Vatnsfirði, Reykjarvík, og Svansvík.

4. Skrá yfir fornleifar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar eins og þar. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er með hvaða jörð ákveðnir minjastaðir eru taldir. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ís-203:001). Fornleifaskráin hefst á yfirliti yfir

---

[2] DI II 95-98
[3] DI V 164
[4] DI V 208

stærð jarðarinnar eins og hún er í jarðatali Johnsens og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706. Síðan er getið um elstu heimildir um jörðina og loks stærð túna eins og hún er á túnakortum frá 1917.

Í skránni eru minjunum gefin númer og er venjan að bæjarstæðinu sé gefið fyrsta númerið. Minjarnar eru flokkaðar eftir tegund og hlutverki. Þar sem er getið um heimild er átt við að eingöngu hafi fundist heimildir um staðinn en ekkert hafi fundist á vettvangi. Við vettvangskönnun er gefin hnattstaða í gráðum og mínútum og er hún eingöngu tekin ef minjarnar eru greinilegar eða hægt er að staðsetja þær á grundvelli fyrirliggjandi gagna með um 50 m fráviki. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn. Þá eru taldar þær heimildir sem stuðst var við, oft skammstafaðar, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í heimildarskrá aftast í skýrslunni. Athuga ber að að ekki var unnin fullnaðarskráning á jörðunum sem getið er í skránni heldur eingöngu voru skráðar þær rústir er næstar voru vegstæðinu.



Mvnd 2. Naust á Biarnastöðum

Ís-203 Skálavík

9 hundruð að dýrleika [Johnsen, 200]."Bænhús segja munnmæli að hjer hafi að fornu verið, og sjest hjer enn tóftarrúst í túninu með girðing í kring, sem kölluð er Kirkjutóft." [Á.M. VII.214]
Landamerkjalýsing "Að sunnanverðu Kallmannaá uppað Fremra-Selvatni. Þaðan eins og merkjavörður út í Náttmálavörðu og Grástein í Kelduhjalla, svo Kelduhjalli ofaná brún fyrir neðan Skarðaland og þar út Keldubrún að Skálavíkurstekka, og þaðan niður til sjávar." [Örnefnaskrá Skálavíkur]

Ís-203: 001 *Skálavík* Bæjarhóll Býli

---

[5] Á.M.VII, 206-225

Heimildir: Túnakort

Ís-203: 002 Garðlag Óþekkt

"Niður við sjóinn fyrir neðan Dalinn heita Vörður, en út af þeim í„ er vörðusker„ Fyrir innan Vörðurnar er allstór girðing úr grjóti og sennilega gömul, en hún er að mestu fallin og rústir einar."

Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 003 *Stekkjarhjalli* Heimild Stekkur

"Heim af víkinni er langur og breiður hjalli, skammt frá sjónum sem nefnist Stekkjarhjalli. Á hjallanum er nú sauðahús, þar sem sauðir eru látnir liggja við opið á vetrum, og þeirra aðeins vitjað í vondum veðrum."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 004 *Tæpugötuhjalli* Heimild Gata

" Þar yfir er svo nefnd Brún þ.e. hálsbrúnin , sem er þar há og klettótt. Nokkru innar er Tæpugötuhjalli og Djúpihjalli, út og upp af bænum."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 005 *Möngustekkur* Heimild Stekkur

Rétt fyrir utan túnið heitir Möngustekkur og Möngusker í sjó út af stekknum. Þar er lítil vör við sjóinn, sem kölluð er Látralending vegna þess að það er venjulega farið þegar komið er sjóleiðina frá Látrum, með því að það er styttra og liggur beinna við, en að fara inn í aðallendinguna, sem er allmiklu innar.
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 006 *Látralending* Heimild Lending

"Rétt fyrir utan túnið heitir Möngustekkur og Möngusker í sjó út af stekknum. Þar er lítil vör við sjóinn, sem kölluð er Látralending vegna þess að það er venjulega farið þegar komið er sjóleiðina frá Látrum, með því að það er styttra og liggur beinna við, en að fara inn í aðallendinguna, sem er allmiklu innar."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 007 Heimild Lending

"Rétt fyrir utan túnið heitir Möngustekkur og Möngusker í sjó út af stekknum. Þar er lítil vör við sjóinn, sem kölluð er Látralending vegna þess að það er venjulega farið þegar komið er sjóleiðina frá Látrum, með því að það er styttra og liggur beinna við, en að fara inn í aðallendinguna, sem er allmiklu innar."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 008 Garðlag Túngarður

"Út og upp af túninu, rétt við túngarðinn heitir Klauf og Klaufhjalli, þá Bólhjalli, Stúfhjalli, og Slægjuhjalli. Niður hjalla þessa, sem allir eru upp af túninu, liggur gönguleiðin frá Vatnsfirði."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 009 Heimild Gata

"Út og upp af túninu, rétt við túngarðinn heitir Klauf og Klaufhjalli, þá Bólhjalli, Stúfhjalli, og Slægjuhjalli. Niður hjalla þessa, sem allir eru upp af túninu, liggur gönguleiðin frá Vatnsfirði."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 010 *Breiður* Heimild Mógröf

"Inn og upp af túninu er nokkuð löng melhryggur sem kölluð er Hryggur. Á honum er stór steinn, nefndur Grásteinn en fram og upp þaðan er graslendi, sem kallast Breiður, og er þar móskurður frá Skálavík."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 011 *Bænhúsflöt* Heimild Fjárhús

"Í túninu hefi ég heyrt þessara örnefna getið: Þar sem fjárhúsin standa nú hétu áður Bænhúsþúfur. Þær voru eins og leiði í laginu, en ekki veit ég til þess að neitt sérstakt hafi fundizt þar, þegar þær voru sléttaðar og húsin byggð."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 012 *Traðir* Garðlag Óþekkt

"Þá var grjóthleðsla ein mikil þar sem fjárhúsin eru nú og út af því. Var þetta einskonar gerði og hlaðið úr afarstóru grjóti, en flatarmál þess mun hafa verið sem næst hálfri vallarsléttu. Gerði þetta var kallað Traðir. Munnmæli sögðu, að það væri hlaðið í fornöld, af þrælum. Nú er það allt jafnað við jörðu og sést ekki lengur steinn yfir steini."
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 013 *Skálavíkursel* Heimild Sel

"Þar sem beygir vegur, svo sést inn að Keldu, eru Krákustaðir við veginn. Geil liggur þar niður hornið. Geilarhjalli er efsti hjalli undir Strengnum. Skálavíkursel út og upp af Bjarnaskarði"
Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur

Ís-203: 014 *Bænhúsþúfur* Heimild Kirkja

"Bænhúsþúfur voru niður undan Skálavíkurbænum. Þær voru ekki sléttaðar , fyrr en að Ólafur kom í Skálavík. Þetta voru sagðar leiðaþúfur frá tíð kirkju eða bænhúss í Skálavík, eins og segir í Jarðabók Á.M. Bænhúsþúfur voru beint út af fjárhúsunum í Skálavík, Þar var þá melur, sem síðar var græddur út. Lítið vegjarbrot var þar, kallað Bænhúsþúfur." [Ö-Skálavíkur]"Bænhús segja munnmæli að hjer hafi að fornu verið, og sjest hjer enn tóftarrúst í túninu með girðing í kring, sem kölluð er Kirkjutóft." [Á.M. VII.214]

Heimildir: Örnefnaskrá Skálavíkur. Árni Magnússon, Páll Vídalín: Jarðabók, VII.

Ís-203: 015 Heimild Útihús

Í norðaustur frá bæjarhúsunum.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 016 Heimild Útihús

Í norður frá bæjarhúsunum, úti á túni.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 017 Heimild Útihús

Í austur frá bæjarhúsunum, aðeins austar en 15.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 018 Heimild Útihús

Í suðaustur frá bæjarhúsunum, rétt við túnjaðarinn.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 019 Heimild Útihús

Í suðurátt frá bæjarhúsunum. Rétt við bæinn, á milli nr. 1 og 20.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 020 Heimild Útihús

Í suðurátt frá bænum, aðeins sunnar en 19.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 021 Heimild Útihús

Í suðvestur frá bænum.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 022 Heimild Útihús

Í vesturátt frá bænum. Rétt við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 023 Heimild Kálgarður

Í vesturátt frá bænum, aðeins vestar en 22.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 024 Heimild Útihús

Suðvestan við bæjarhúsin, úti á túni.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 025 Heimild Útihús

Í suðvestur frá bænum, rétt við nr 24.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 026 Heimild Kálgarður
Í Ss-austur frá bænum, utan túns.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-203: 027 Heimild Kálgarður

Í Ss-austur frá bænum, utan túns. Austan nr 27.
Heimildir: Túnakort frá 1918-20.

Ís-205 Vatnsfjörður

Jarðdýrleiki 24 hundruð [Johnsen. 200]. "Kirkjustaður og beneficium. . . Skipstöður 2 á staðurinn í Hólslandi í Bolúngarvík og verbúðarstöðu þar með, og brúkast þetta ítak frá staðnum átölulaust. . . Heimræði er ekkert á sjálfum staðnum í margt ár, því fiskur gengur allsjaldan so lángt inn á fjörðinn að hjeðan verði róið að heiman, og brúkast hjeðan verstaða í Vatnsfjarðarnesi á haust og stundum vor þegar fiskur hefur gengið, og er þar lending góð." [Á.M. VII. 214-215] Ein hjáleiga í landi Vatnsfjarðar: Sveinhús. Árið 1710 er Borgarey talið lögbýli . Johnsen telur Borgarey hjáleigu Vatnsfjarðar.

Ís-205: 001 Bæjarhóll Býli

Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-205: 002 Heimild Gata

"Gönguvegur er yfir nesið, beinustu leið frá Vatnsfirði yfir til Skálavíkur. Er þar slóði og nokkur gömul vörðubrot, en þó illfært með hesta, enda eingöngu notaður af gangandi fólki. Reiðvegurinn er allmiklu framar, „„"
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 003 Heimild Gata

"Gönguvegur er yfir nesið, beinustu leið frá Vatnsfirði yfir til Skálavíkur. Er þar slóði og nokkur gömul vörðubrot, en þó illfært með hesta, enda eingöngu notaður af gangandi fólki. Reiðvegurinn er allmiklu framar, „„"
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 004 *Stekkjarnes* Heimild Stekkur

"Þá förum við aftur niður að sjó, að víkurbotninum við hópið. Nes eitt lítið er heiman til við það, sem kallast Stekkjarnes. Þar eru fornar hjall- og stekkjartóftir."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 005 *Hjalltangi* Heimild Hjallur

"Að heimanverðu við Stekkjarnes er Bólvík kölluð, en Hjalltangi heiman við hana. Á Hjalltanganum er stór hjallur, sem sr. Stefán Stephensen lét byggja á sínum tíma. Fremstí tanganum austanverður er núverandi bátalending."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 006 Heimild Lending

"Að heimanverðu við Stekkjarnes er Bólvík kölluð, en Hjalltangi heiman við hana. Á Hjalltanganum er stór hjallur, sem sr. Stefán Stephensen lét byggja á sínum tíma. Fremstí tanganum austanverður er núverandi bátalending."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 007 Heimild Óþekkt

"Upp af bæjarvíkinni er allhár, gamall og gróinn malarkambur. Þar sér allvíða fyrir lágum rústum garða og tótta, sem enginn kann lengur af að segja hverskornar mannvirki verið hafi."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 008 *Barðaeyri* Heimild Uppsátur

"Fyrir utan Bæjarvíkina er Barðaeyri, sem dregur nafn af sexæringinum Barða, er þar var settur upp á vetrum."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 009 *Björnsnaust* Heimild Naust

"Efst og innst á eyrinni heita Björnsnaust. Þar eru tvær tóttir mjög lágkúrulegar og samanfallnar, en þó líkar því sem þar hafi skipahróf verið, enda segja munnmæli að þetta séu naust Björns Einarssonar, Jórsalafara."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 010 *Geithús* Heimild Fjárhús

"Upp af mýrinni Fríðu heitir Ból, en nokkru ofar er kölluð Geithúsmýri, örskammt framan við túngarðinn, út undan fjárhúsi, því innangarðs, sem nefnt er Geithús."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 011 *Nónvarða* Varða Óþekkt

"Upp af mýrinni gengur Nónlág, sem fyrr er nefnd og grjótvarða er þar á holti einu kölluð Nónvarða."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 012 *Grettisvarða* Þjóðsaga Óþekkt

"Upp af túninu og næst því er Torfhjalli, þá Mjóihjalli og upp af honum Grettishjalli og Grettisvarða. Munnmæli segja að Grettir Ásmundarson hafi hlaðið vörðuna, þegar hann var um stund með Þorbjörgu digru, eftir að hún barg honum úr snöru bændanna við Selvatnið, eins og segir í sögu hans. Varðan stendur á sléttri hallandi klömp, fremst á hjallabrúninni. Er hún allmikil ummáls og hátt í 4 æalnir á hæð, en hol að innan fyrir ofan miðju. Víða í hleðslinni eru mjög stórir steinar, en þó hvergi svo að með ólíkindum sé. "

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 013 *Bræðravörður* Varða Óþekkt

"Fremst á Grettishjalla, rétt við gönguveginn, eru vörður tvær nefndar Bræðravörður, en önnur þeirra er nýlega hrunin. Vörður þessar hlaðnar í tíð sr Þórarins Kristjánssonar, af Jóni nokkrum Þórðarsyni, kallaður var dýralæknir. Hlóð hann þær upp úr tveimur gömlum dysum, er voru fyrir."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 014 Áletrun Óþekkt

"Skammt frá vörðunum er hella með einhverju letri á, sem menn hefa ekki getað ráðið til þess, og þyrftu það að athugast nánar af kunnáttumönnum."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 015 Heimild Óþekkt

"Á hjallaendanum, frammi við Seilina, eru grjóthleðslur nokkrar og garðabrot, allt frekar ógreinilegt og því ekki getað segja hvað verið hafi."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 016 *Stekkur* Heimild Stekkur

"Undir miðjum Sjóarhjalla á sjávargrundinni, nokkurn spöl fyrir utan túnið er gamall Stekkur hlaðinn úr grjóti."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 017 *Sauðhúshvammur* Heimild Fjárhús

"Fyrir utan Eyrina, við sjóinn er Sauðhúshvammur, en síðan Höfði og Skollaurð. Út af hvamminum, skammt frá landi er Sauðhúshólmi."

Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar.

Ís-205: 018 *Geithúsvöllur* Heimild Fjárhús

"Upp og inn af flötinni, fyrir innan kirkjugarðinn heitir kirkjutunga og upp af henni Geithúsvöllur. Ofan Geithúsvöllinn, í djúpri lægð milli hans og Hólanna, rennur bæjarlækurinn sem kemur úr Nónlág."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 019 *Fjósatunga* Heimild Fjós

"Ofan við lækinn heitir einu nafni Hólar, en utan við hann er Fjósatunga og fyrir utan eru Andrésarflatir."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 020 *Kothústún* Heimild bústaður

"Út af Andrésarflötum er Kóthústún, en niðurfrá þeim er svo nefnd Nýjaslétta."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 021 *Borgarey* Bæjarhóll Býli

"Borgarey var byggð fyrrum og þá hjáleiga frá Vatnsfirði, og sér þar enn glöggt fyrir tóttum og görðum. Túnið hefur verið girt með torfgarði á þrjá vegu, en sjórinn verið látinn gæta þess á einn."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 022 *Naustahvammur* Heimild Lending

"Öll er hún grasi vaxin og góð til slægna, víðast hvar. Nær miðri vesturhlið eyjarinnar er lítill hvammur með gömlum naustum, hann heitir Naustahvammur. Þar er venjulegur lendingarstaður í vor og sumarferðum til eggja- og dúntekju og heyskapar."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 023 Garðlag Túngarður

"Húsarústir Jóns Auðunssonar eru þar vel greinilegar, og ýmsar aðrar nær því sokknar í jörð. Hinn forni túngarður er víða mjög óglöggur, en þó má rekja hann með eftirgrennslan svo að segja alls staðar og kemur þá í ljós, að það sem nú er kallað tún er vart meir en 1/10 af hunu forna túni, enda gefur það ekki af sér meir en 20-30 hesta árlega."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 024 *Mylluhóll* Heimild Mylla

"Fyrir utan Kirkjugarð Sveinaflöt. Á henni miðri Mylluhóll."
Heimildir: Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Ís-205: 025 Heimild Kirkja

Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 026 Heimild Legstaður

Kirkjugarður
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 027 Heimild Útihús

Í austurátt frá íbúðarhúsi. Kálgarður nr. 28 er við þetta hús.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920.

Ís-205: 028 Heimild Kálgarður

Fyrir norðan íbúðarhúsið, vestan nr. 27.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920.

Ís-205: 029 Heimild Útihús

Í nn-austur frá íbúðarhúsinu.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 030 Heimild Útihús

Í nn-austur frá bænum, rétt norðan við 29.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 031 Heimild Útihús

Í nn-austur frá bænum, rétt norðan við 30.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 032 Heimild Útihús

Beint í norður frá bænum, við túnjaðarinn.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 033 Heimild Tóft

Í norður frá bænum, sunnan við nr. 32. Merkt sem tóft á túnakorti.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920


Ís-205: 034 Heimild Útihús

Í norðvestur frá íbúðarhúsi. Rétt utan túns.
Heimildir: Túnakort frá 1918-1920

Ís-205: 035 Heimild Útihús

Ís-205: 044 Naust 65°947.360 22°45.737

Grjóthlaðin rúst, hluti hennar hefur hrunið. Stendur alveg við þjóðveginn.



Ís-206 Sveinshús

6 hundruð að dýrleika. "Sveinhús. Hjáleiga, bygð fyrir manna minni í staðarins heimalandi." [Á.M.VII.215]

Ís-206: 001 *Sveinshús* Bæjarhóll Býli

Heimildir:

Ís-210 Reykjarfjörður

30 hundruð að dýrleika. [Johnsen, 219] "Hjer hefur að fornu bænus verið, sem af er fallið í manna minni. . . Heimræði hefur hjer ekki brúkast í margt ár, en áður stundum á haust og framan af vetri þegar fiskur gekk inn á Ísafjörð. . . Grænustader heitir eitt örnefni hjer í landinu. Þar sjást litlar tóftaleifar, og ætla flestir, að þar hafi heldur verið sætur en bygt ból, er þar og túnstæði ekkert eða girðingar so sjást kunni, og má því hjer ekki bygð setja." [Á.M.VII.219]

Ís-210: 001 *Reykjarfjörður* Bæjarhóll Býli

Heimildir:

Ís-210: 002 Heimild Kirkja

"Hjer hefur að fornu bænus verið, sem af er fallið í manna minni."
Heimildir: Á. M. VII.219

Ís-210: 003 Rétt 65°90.901 22°45.166
Rétt eftir að komið er að afleggjaranum upp að bæjarhúsunum er rétt vestan við þjóðveginn. Mikil hætta vegna rasks.

Ís-211 Svansvík

16 hundruð að dýrleika.[Johnsen. 200] "Landamerki Svansvíkur og Reykjarfjarðar eru þessi: Torflækur frá Torfaskarði Í Vatnshlíðarvatn. Dalsá úr Vatnshlíðarvatni niður Flókahvamm í Svansvíkurvatn. Þverá og Fjarðarbotnsá úr Svansvíkurvatni í Reykjarfjarðarbotn."

Ís-211: 001 *Svansvík* Bæjarhóll Býli
Heimildir:

Ís-211: 002 Garðlag Landamerki

"Innst á því (Reykjarnesi) er ævaforn garður, hlaðinn þvert yfir nesið, á landamerkjum Reykjarfjarðar og Svansvíkur."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 003 *Hermannsvarða* Varða Óþekkt

"Fyrir innan Skipsvíkur er varða, sem kallast Hermannsvarða."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 004 *Hellustekkur* Heimild Stekkur

"Inn og niður þaðan heitir Mórulág. Fyrir innanhana við sjóinn er svo nefndur Hellustekkur."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 005 *Vörðuholt* Varða óþekkt

Upp af stekknum heitir Grenhjalli, og Klettahjalli upp af honum. Ofar á hálsinum nefnist Vörðuholt."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 006 *Náttmálavarða* Varða Eyktarmark

"Á brúninni upp af hjallanum er grjótvarða, sem heitir Náttmálavarða."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 007 *Miðmundavarða* Varða Óþekkt

"Á Hvarfinu eru vörður tvær og nefnist önnur þeirra Miðmundavarða, en hin Jöfnubáðuvarða."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 008 *Jöfnubáðavarða* Varða Óþekkt

"Á Hvarfinu eru vörður tvær og nefnist önnur þeirra Miðmundavarða, en hin Jöfnubáðuvarða."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 009 *Stekkjargrund* Heimild Stekkur

"Ofan við víkina, sem eigi ber neitt sérstakt nafn í daglegu tali, er slétt grund, nefnd Sjóargrund en einnig Stekkjargrund. Yst á henni er Halldórsnaust."
Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 010 *Halldórsnaust* Heimild Naust

"Ofan við víkina, sem eigi ber neitt sérstakt nafn í daglegu tali, er slétt grund, nefnd Sjóargrund en einnig Stekkjargrund. Yst á henni er Halldórsnaust."

Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 011 *Svansvíkursel* Heimild Sel

"Fram og upp af fremri vatnsendanum heitir Svartamýri, en Svansvíkursel er nokkru framar. Fram af Selinu heitir Smjörhlíð og er svo nefnt Höskuldstaðasel fremst á henni. Talið er af sumum, að þar hafi áður á öldum verið býli, sem heitið hafi Höskudsstaðir, en síðan verið notað sem sel, er það féll úr byggð."

Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-211: 012 *Höskuldsstaðasel* Heimild Sel

"Fram og upp af fremri vatnsendanum heitir Svartamýri, en Svansvíkursel er nokkru framar. Fram af Selinu heitir Smjörhlíð og er svo nefnt Höskuldstaðasel fremst á henni. Talið er af sumum, að þar hafi áður á öldum verið býli, sem heitið hafi Höskudsstaðir, en síðan verið notað sem sel, er það féll úr byggð."

Heimildir: Örnefnaskrá Svansvíkur.

Ís-212 Vogar

8 hundruð að dýrleika. [Johnsen 201]

Ís-212: 001 *Vogar* Bæjarhóll Býli
Heimildir:

Ís-212: 002 *Vogastekkur* Heimild Stekkur

"Nokkru þar innar og ofar er lægð sú, er nefnist Vogabolli. Innan til við hann er Vogastekkur."
Heimildir: Örnefnaskrá Voga

Ís-212: 003 *Vogasel* Heimild Sel

"Fyrir innan og ofan Flatinn er Vogasel."
Heimildir: Örnefnaskrá Voga

Ís-212: 004 *Húsavogur* Heimild Óþekkt

"Niður undan miðju túninu heitir Húsavogur og Þvottatjörn rétt fyrir ofan hann."
Heimildir: Örnefnaskrá Voga

Ís-212: 005 *Jóhannsstekkur* Heimild Stekkur

"Ofan við mýrina undir neðsta hálshjallanum, er svo nefndur Jóhannsstekkur og Jóhannslág, þar rétt fyrir innan."
Heimildir: Örnefnaskrá Voga

Ís-212: 006 *Leynistekkur* Heimild Stekkur

"Ofan við mýrina undir neðsta hálshjallanum, er svo nefndur Jóhannsstekkur og Jóhannslág, þar rétt fyrir innan. Litlu innar með hálsinum heitir Leynistekkur og Leynistekkslág."
Heimildir: Örnefnaskrá Voga

Ís-212: 007 Heimild Útihús

Suðaustur af bænum í u.þ.b. 20 m fjarlægð.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-212: 008 Heimild Kálgarður

Ss-austur af bænum. Kálgarðurinn stendur við nr. 6.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-212: 009 Heimild Útihús

N-austur af bænum.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-212: 010 Heimild Útihús

Ss-austur af bænum úti á túni.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-212: 011 Heimild Útihús

N-austur af bænum við túnjaðarinn.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-213 Bjarnastaðir

12 hundruð að dýrleika [Johnsen 200].

Ís-213: 001 *Bjarnastaðir* Bæjarhóll Býli 65°83.708N 22°47.768V

Gamla bæjarstæðið var örlítið s-austan við núverandi íbúðarhús.
Sléttað tún. Vegstæðið mun eyðileggja bæjarstæðið.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:

Ís-213: 002 *kittavarða* Varða Óþekkt


"Fyrir ofan klettahjalla heitir Brún, á henni er varða úr grjóti, er kallast Kittavarða."
Heimildir: Örnefnaskrá Bjarnastaða

Ís-213: 003 *Stekkur* Heimild Stekkur

"Nokkuð fyrir innan leitið heitir Stekkur virðist þó helst vera rústir gammallar fjárréttar."
Heimildir: Örnefnaskrá Bjarnastaða
Ís-213: 004 *Selhjalli* Heimild Sel

"Á Selhjalla eru rústir."
Heimildir: Örnefnaskrá Bjarnastaða

Ís-213: 005 Heimild Útihús



Norður af bænum við túnjaðarinn.
Norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.
Rétt við sléttað tún. Grjóthlaðin rúst.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-213: 006 Heimild Útihús
65°83.687N 22°47.678V

Norður af bænum við túnjaðarinn.
Austan við núverandi íbúðarhús.
Sléttað tún
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-213: 007 Heimild Útihús 65°83.699N 22°47.720V

Suður af gamla bænum. Austur af núverandi bæjarstæði.
Sléttað tún Vegstæðið fer yfir þessa rúst.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-213: 008 Heimild Útihús 65°83.686N 22°47632V

Ss-austur af gamla bænum. Austur frá núverandi íbúðarhúsi.
Sléttað tún. Vegstæðið fer yfir þessa rúst.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-213: 009 Heimild Kálgarður 65°83.652N 22°47.563V

Suður af gamla bænum. Suðaustur af núverandi íbúðarhúsi.
Sléttað tún. Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20


Ís-213: 010 Heimild Útihús 65°83.682N 22°47.458V

Suðaustur af bænum alveg við túnjaðarinn.
Sléttað tún

Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1918-20


Ís-213: 011 Fjárhús 65°83.751N 22°47.386V

Tvær rústir standa rétt við hvor aðra austur af núverandi íbúðarhúsi. Rétt ofan við fjöruna. Þessi er aðeins austar en nr. 12. Við túnjaðarinn. Fjárhúsið stendur hálfhrunið og liggur þakið í heilu lagi ofan í rústinni.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:




Ís-213: 012 Útihús 65°83.729N 22°47.386V

Tvær rústir standa rétt við hvor aðra austur af núverandi íbúðarhúsi. Rétt ofan við fjöruna.
Sléttað tún. Rústin er grjóthlaðin, ferhyrnd.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:




Ís-213: 013 Naust 65°84.021N 22°46.952V

Nn-austur af bæjarstæðinu. Naustið stendur alveg í fjöruborðinu og blasir við frá þjóðveginum.
Lítill tangi. Naustið er eingöngu hlaðið úr grjóti.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:




Ís-213: 014 Óþekkt 65°83.965N 22°47.268V



Bærinn stendur á lítilli eyri og norðan við hana er lítil vík. Sunnan við tangann sem naustið nr.14 stendur á. Þar rétt ofan við fjöruna 20-30 m standa tvær rústir (14 og 15). Rústin er ferhyrnd. Vegstæðið fer yfir þessa rúst.
Mikil hætta vegna rasks
Heimildir:

Ís-213: 015 Kvíar



Bærinn stendur á lítilli eyri og norðan við hana er lítil vík. Sunnan við tangann sem naustiðnr (nr 14) stendur á. Þar rétt ofan við fjöruna 20-30 m standa tvær rústir (14 og 15). Grasbali upp bið kletta Rústin er tvíhólfa, hlaðin úr grjóti. Vegstæðið fer yfir þessa rúst.
Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:

Ís-214 Eyri

"6 hundruð að dýrleika." [Johnsen 201]

Ís-214: 001 *Eyri* Bæjarhóll Býli
Heimildir:

Ís-214: 002 *Eyrarstekkur* Heimild Stekkur

"Nokkuð fyrir innan Sölvavík er gamall og nú hruninn stekkur, sem kallast Eyrarstekkur."
Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar.

Ís-214: 003 *Vörðuteigur* Varða Óþekkt

"Upp af Hærribrún eru þrír grasteigar, er svo heita: Nautateigur yst, þá Vörðuteigur, en innstur er Selteigur."
Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar.

Ís-214: 004 *Selteigur* Heimild Sel

"Upp af Hærribrún eru þrír grasteigar, er svo heita: Nautateigur yst, þá Vörðuteigur, en innstur er Selteigur."

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar.

Ís-214: 005 *Réttartangi* Heimild Rétt

"Eyrin fyrir innan gilið er órækt ein og grjótruðningur og mun þar eigi tún hafa verið á seinni öldum, en nú er þar fjárrétt sveitarmanna fyrir fé það, er kemur af Ísafjarðardölum. Þar kallast því Réttartangi."
Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar.


Ís-214: 006 *Litlistekkur* Heimild Stekkur

"Eyrin fyrir innan gilið er órækt ein og grjótruðningur og mun þar eigi tún hafa verið á seinni öldum, en nú er þar fjárrétt sveitarmanna fyrir fé það, er kemur af Ísafjarðardölum. Þar kallast því Réttartangi. Í víkinni fyrir innan tangann nefnist Litlistekkur."
Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar.

Ís-214: 007 Heimild Kálgarður

Kálgarðurinn er norðan við bæinn.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-214: 008 Byrgi 65°81.505N 22°51.077V




Þegar komið er að bæjarstæðinu er farið u.þ.b. 100 m eftir þjóðveginum. Austan vegarins við sjóinn. Beint niður af vegastæðinu í brekku sem er ofan við fjöruna. Grjóthlaðin rúst og myndar berggangur norðaustur vegginn.
Hætta Vegna rasks
Heimildir:

Ís-214: 009 Heimild Útihús

Suður af bænum, rétt við hann.
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-214: 010 Rétt 65°82.950N 22°48.359V



Þegar komið er að bæjarstæðinu er farið u.þ.b. 600-700 m í norðaustur eftir þjóðveginum. Þar niður við sjóinn undir klettum. Réttin stendur rétt fyrir ofan fjöruna á grasbala undir klettum. Réttin er grjóthlaðin, þríhólfa. Stórir klettar mynda nyrðri vegg hennar. Vegstæðið mun eyðileggja réttina.

Mikil hætta Vegna rasks
Heimildir:

Ís-214: 010 Heimild Útihús

Norðaustan við bæinn.
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-214: 011 Heimild Útihús

Suðaustan við bæinn.
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-214: 012 Heimild Tóft

Suður af bænum rétt við nr. 10.
Heimildir: Túnakort 1918-20.

Ís-214: 013 Heimild Kálgarður

Suður af bænum utan túns.
Heimildir: Túnakort 1918-20

Ís-214: 014 Heimild Kálgarður

Suður af bænum utan túns.
Heimildir: Túnakort 1918-20

5. Fornminjar á skráningarsvæðinu

Í allt voru 126 minjar svæðisskráðar á 7 jörðum. Við vettvangsathugun voru 12 minjar skráðar við eða á tilvonandi vegstæði.

Engar minjar fundust nálægt vegstæðnu í landi Skálavíkur enda liggur vegurinn vel fyrir utan túnstæði jarðarinnar. Sömu sögu er að segja í landi Vatnsfjarðar, einu minjarnar sem eru nálægt vegstæðinu er gamall reiðvegur er lá á milli Vatnsfjarðar og Skálavíkur. Ekki er mikið eftir af reiðveginum og mun vegstæðið ekki raska honum. Engar minjar eru í hættu í landi hins forna Sveinshús, Reykjarfjarðar eða Svansvíkur.

Nýja vegstæðið mun fylgja því gamla meðfram bæjarstæði Voga. Allt bæjar- og túnistæðið liggur meðfram veginum og er það rétt um 20 m frá vegstæðinu.

Nýja vegstæðið liggur þvert yfir bæjarstæði Bjarnarstaða og mun vegurinn eyðileggja fjölmargar minjar þar. Í allt mun vegstæðið eyðileggja eða raska 9 minjum í landi Bjarnastaða, 7 þeirra voru skráðar innan túnstæðisins og 2 utan þess. Í landi Eyrar eru tvær minjar í hættu vegna vegstæðisins og mun vegurinn fara yfir þær rústir.

Verndun minja á skráningarsvæðinu

Þar sem nýja vegstæðið liggur meðfram jörðunum Skálavík, Vatnsfjörður, Sveinshús, Reykjarfjörður og Svansvík fundust engar minjar við vettvangsathugun, fyrir utan tvær. Sú fyrri er grjóthlaðið naust rétt áður en komið er að Vatnsfirði. Sú síðari rétt er alveg við bæinn Svansvík. Báðar þessar minjar eru í hættu vegna vegstæðisins nauðsynlegt að fara öllu með gát þar sem að vegurinn liggur við þessar rústir. Allstaðar þar sem vegurinn liggur nálægt bæjarstæðunum er nauðsynlegt að fara með gát því minjar geta alltaf komið í ljós við framkvæmdir. Vegurinn liggur þétt við jörðina Voga og þar verður að gæta ýtrustu varfærni við vegalagningu.

Á milli stöðva 29000 og 31000 við jörðina Bjarnastaði eru 10 minjar í mikilli hættu. Á þessu svæði verður að færa veginn ofar, nær fjallinu. Best væri ef vegurinn fylgdi gamla vegstæðinu eins og hæg er.

Á milli stöðva 7000 og 27500 við jörðina Eyri er ein rúst niður við sjóinn sem er í hættu vegna vegalagningu. Á því svæði fylgir vegurinn gamla vegstæðinu og verður að gæta varúðar á því svæði.

Engar fleiri minjar fundust við vettvangsathugun en alltaf er sá möguleiki fyrir

hendi að minjar sem sjást ekki í yfirborði komi í ljós við framkvæmdir.

Heimildarskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín: *Jarðabók,* VII. Kaupmannahöfn 1940.

Diplomatarium Islandicum, I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Íslendingasögur, I. bindi, Reykjavík 1943.

Örnefnaskrá Skálavíkur

Örnefnaskrá Vatnsfjarðar

Örnefnaskrá Svansvíkur

Örnefnaskrá Voga

Örnefnaskrá Bjarnarness.

Kortaskrá

Kort 1. Jarðir á skráningarsvæðinu.....bls. 5.

Kort 2. Minjar í landi Eyrar.....bls.32.


Kort 3. Minjar í landi Eyrar.....bls.33.

Kort 4. Minjar í landi Bjarnastaða.....bls.34.


Kort 5. Vogar.....bls.35.

Kort 6. Minjar í landi Reykjarfjarðar.....bls.36.


Kort 7. Minjar í landi Vatnsfjarðar.....bls.37.




Kort 2. Minjar í landi Eyrar (Vegagerðarkort nr 2).




Kort 3. Minjarí landi Eyrar (Vegagerðarkort nr 2).



Kort 4. Minjar í landi Bjarnastaða (Vegagerðakort nr. 3).



Kort 5. Vogar (Vegagerðarkort nr.3).



Kort 6. Minjar í landi Reykjarfjarðar (Vegagerðarkort nr. 5).



Kort 7. Minjar í landi Vatnsfjarðar (Vegagerðakort nr. 7).